

Boltar, jólakúlur og figúrur



Boltar, jólakúlur og fígúrir

Kennsluleiðbeiningar

Verkefnið hentar fyrir 1.–4. bekk (gott aukaverkefni fyrir eldri nemendur).

Markmið

Að nemandi

- æfi fínhyreyfingar
- þæfi ullarkembur og kynnist íslensku ullinni
- þjálfari sköpunarþáttinn
- læri einfaldan útsaum

(Aðalnámskrá grunnskóla. 1999:39–40)

Efni og áhöld

- Ullarkembur í nokkrum litum.
- Bakkar.
- Sápa og volgt vatn.
- Handklæði og tuskur.
- Límbýssa.
- Efni til skreytinga tvinni, útsaumsgarn, perlur, augu, dúskar o.s.frv.

Kennari notar sýnikennslu til þess að sýna nemendum hvernig á að vinna verkefnið (ath. vinnulýsingu). Gott er að sitja við þæfinguna, hafa bakkann á lærunum og nota báðar hendur við þæfinguna. Einnig er gott að sýna nemendum hvernig er hægt að koma í veg fyrir að axlir þeirra verði stífar á meðan á þæfingunni stendur.

Það er mjög gott að raða borðunum þannig að nemendur sitji í hring og kennari geti gengið á milli inni í hringnum og aðstoðað nemendurna við þæfinguna. Hver nemandi fær einn bakka og geta tveir og tveir deilt íláti með sápuvatninu. Til þess að koma í veg fyrir að nemendur setji alltof mikla sápu í vatnið er betra að kennari sjái um að blanda saman vatni og sápu u.þ.b. 2 sprautur af sápu í vatnið.

Þegar nemendur hafa þæft boltann er hann látinn þorna á handklæði eða tusku. Ef gera á fígúruna verður nemandinn að búa til einn lítinn bolta og einn stærri og eina snúru sem notuð er í eyru og fætur.

Ef nemandi nær ekki að klára þæfinguna er í lagi að láta verkefnið bíða þangað til síðar þá er það bara bleytt á ný þegar nemandinn kemur aftur. Þegar boltarnir eru þurrir er hægt að skreyta þá. Það fer að sjálfsögðu eftir aldri nemenda hvort þeir geta límt með límbýssunni sjálfir eða ekki.

Athugið!

Ullarkemburnar er hægt að fá í ýmsum litum í Álafossi (í Mosfellsbæ)
Bakkarnir eru til í flestum skólum (hvítu skúffurnar), annars er hægt að fá grunna bakka í Rúmfatalagernum eða Ikea.
Sápan getur verið allt frá handsápu til uppþvottasápu.

Kennsluáætlun

1(-2) kennslustund til þæfingar á einum bolta sem hægt er að nota sem bolta eða jólakúlu.

2 kennslustundir til þæfingar á tveimur boltum og snúru.

1(-2) kennslustund til þess að líma og skreyta.



Pæfing á bolta



Fígúra eða jólakúla

Gott er að sitja við þæfinguna, hafa bakkann á lærunum og nota báðar hendur við þæfinguna. Passaðu að axlirnar séu ekki stífar.

Setjið volgt vatn og ca. 3 sprautur af sápu í ílát. Takið lófafylli af kembu.

Kembunni er rúllað saman líkt og þegar snjóbolti er hnoðaður, þangað til hún líkist bolta.

Kemban er bleytt með vatninu og haldið áfram að rúlla í höndunum.




Þegar boltinn er orðinn aðeins þéttur, er hægt að bæta við kembu utan um hann og svo er hann bleyttur á ný og haldið áfram að þæfa.

Ef sprungur eru í boltanum er hægt að setja þunnt lag af kembu yfir, ef hann er orðinn mjög harður verður að ýfa upp hárin þannig að nýja kemban festist við.

Oft er líka hægt að nýta sprungurnar sem skreytingu t.d. munn á fígúrunni.

Þegar boltinn er tilbúinn er hann skolaður upp úr köldu vatni, kreistur í tusku og látinn á handklæði til þerris.

Ef boltinn á að verða jólakúla er hægt að skreyta hann með perlum eða öðrum útsaumi og festa í hann band eða slaufu.





Fígúrir

Ef boltinn á að verða fígúra þarf að búa til annan minni fyrir haus.


Fætur og skott eru búin til með því að taka kembu í lófann. Snúa upp á hana svo hún verði líkt og snúra.



Rúllið kembuna í höndunum eins og snúru. Bætið við kembu áður en snúran verður of hörð.

Skolið snúruna upp úr köldu vatni, kreistið í tusku og leggið til þerris.

Snúruna má klippa niður í fætur, eyru eða annað skraut á fígúruna.





Þegar ullin er orðin þurr eru haus, fætur, augu og eyru fest á með límbyssu og svo skreytt.

